

STEFNUBREYTINGIN ÍSLENSKA

I

Fyrir nálega 25 árum, dvaldi ég um tíma í ensku- og þýskumælandi löndum. Gat mér ekki blandast hugur um, að miklu auðveldara mundi verða að komast þar áfram, en heima á Íslandi. Ég afréð þó að lifa lífi mínu heima á Íslandi, eins og forfeður mínir höfðu gert, endur fyrir löngu, Sturla Vilhjálmsson og Bjarni Sturluson, þó að miklu glæsilegri ævi blasti við þeim í útlöndum, heldur en á Íslandi gat orðið. En efasamt virðist mér nú, að ég hefði þessa ákvörðun tekið, hefði mig grunað, hvað beið mín heima, og hversu erfitt getur reynst að vera á Íslandi vísindamaður og rithöfundur. Hinn vísindalegi árangur af rannsóknum mínum fór að vísu langt fram úr því, sem nokkur mundi hafa talið líklegt. En aðalárangurinn af mínum stórkostlegu uppgötvunum í jarðfræði Íslands, var megent og skaðvænt hatur merks manns, sem starfað hafði að rannsóknum á landinu á undan mér.

II

Á Alþingi sitja svo gáfaðir menn og góðir drengir, að þeir mundu glöggst skilja, ef þeir aðeins gæfu sér tíma til að hugsa málið, að það horfir ekki til heilla fyrir þjóðfélag, að nokkur tegund af refsingu sé lögð við ævistarfi, slíku sem mitt hefir verið. En það má segja, að gert sé með því að ætla mér ekki meiri laun, en nú hefir samþykkt verið í neðri deild. Og er þar framhald af því, sem verið hefir áður. Til þingsins 1919 sótti ég um fé til að leita mér lækninga í útlöndum, og þó einnig til að vinna ýmislegt það að verki mínu, sem ekki verður unnið hérna heima. En ekki fékk ég

nema helming þess, sem ég bað um, og varð ég þess vegna að hverfa frá lækningunni, einmitt þegar mér var að byrja að batna. Hefi ég átt illa ævi síðan, og versnandi.¹⁾ Hefir hið illa, sem yfir hefir dunið, komið eins og sár ofan í sár. Sonur minn, sem dó í haust, lét líf sitt af því að ástæður mínar leyfðu ekki að ég gæti annast um hann eins og þurft hefði.

III

Ég hygg að það muni rétt vera, sem ýmsum virðist, að hin íslenska þjóð sé á þeim vegi, sem til glötunar liggur. En það er áreiðanlega mikill misskilningur halda, að það miði á nokkurn hátt til að bjarga þjóðinni, að spara svo sem svara mundi hálfum árstekjum duglegs fjáraflamanns, með því að níðast á nokkrum einstökum mönnum, og þá helst þeim sem vinna að því, að halda uppi vísindum og menntun í landinu. Og það verður vel að því að gæta, að það er ekki verið að mælast til neinnar ölmusu, heldur aðeins nokkurs hluta af því, sem unnið hefir verið fyrir. Hefði ég fengið einhver, ekki alltof ósanngjörn verðlaun fyrir uppgötvanir mínar, eða svo sem 1000 krónur fyrir örkina í ritgerðum mínum — og ég legg það óhræddur undir dóm framtíðarinnar, hvort það mundi ofborgun — þá þyrfti ég ekki laun úr landssjóði. En ég hefi fyrir flestar ritgerðir mínar alls enga borgun fengið.

IV

Einhver sagði að ef hækkað væri við mig — það er að segja, ef manni, sem árum saman hefir lifað við nokkra veru af pindingum, væri forðað frá vandræðum — þá þyrfti að hækka við aðra líka. Og tel ég það vel farið, ef svo væri gert. En þó yrðu þeir ekki margir, sem hækka þyrfti við, ef einungis væri hækkað við þá, sem hefðu birt ritgerðir á 4 málum, haldið fyrirlestra í sumum merkustu vísindafélögum í Evrópu, og mætti sjá höfð um í blöðum og tímaritum, slík

1) Talsverð breyting til batnaðar hefir orðið síðan þetta var ritað, og er nú farið að miða upp á við, að því að ná þeim kröftum, sem nauðsynlegir eru, ef verk mitt á að geta orðið unnið. — '29

orð, sem „a great scholar“ eða „der geniale isländische Philosoph“.

V

Hvernig sem snýst, þá verður það ekki lengi, sem ég mun þurfa fjár að biðja úr þessu. En mikið þykir mér við liggja, að menn reynist mér einmitt nú, betur en á horfst hefir um hríð. Og góðs viti væri það, ef þingmenn, þrátt fyrir annrikið, vildu láta sér skiljast, hvað er hið rétta í þessu máli. Því að það mun sýna sig, að framtíð Íslendinga er undir því komin, hvernig þeir taka kenningu þeirri, sem ég er að flytja. Hin íslenska þjóð verður að setja markið hátt, svo hátt, að glögglega komi í ljós, að hér er sú þjóð, sem er það sem hin merkilega Gyðingþjóð hefir aldrei verið, leiðtogi alls mannkyns á hinn rétta veg. Ef þjóðin fer að þekkja sitt hlutverk, þá mun vel vegna. Þá mun þess skammt að biða, að Ísland megi með sanni kalla farsælda frón. Og af því að ég þekki náttúrulögmál, sem áður hafa ókunn verið, þá get ég sagt, að ef Íslendingar almennt, nú þegar í vor, vildu láta sér skiljast, að það er hið rétta, sem ég er að kenna, um tilgang og framhald lífsins og þýðingu þjóðar vorrar, þá mundi sumaraflinn verða meir en tvöfaldur við, það sem í meðalári er. En það, sem menn þurfa að gera fyrir mig, er umfram allt, að þiggja það, sem ég er að reyna að gera fyrir þá. Mun ég skamma stund þurfa að taka nokkurn pening af íslensku fé, þegar farið verður almennt að taka á greindinni og drengskapnum gagnvart mér, á þann hátt, sem sjálfum mönnum er fyrir bestu.

5. apríl '24.